



Skollaeyrum skellt

Íslenskt efnahagslíf var talið traust og sveigjanlegt og okkur var talin trú um að íslenska krónan væri frábært hagstjórnartæki. Annað kom á daginn.

Það virðist hafa verið almenn samstaða um það á Íslandi að kæfa alla gagnrýna umræðu um íslenska efnahagsundrið. Gagnrýnisraddir voru fáar og fengu lítinn hljómgrunn. Allt fram til loka árs 2007 var þjóðinni talin trú um að hér væri allt í góðu og þeim söng var raunar haldið áfram fram eftir ári 2008 þótt þá væru að vísu farnar að renna tvær grímur á landsmenn.

Gagnrýni vísað á bug

Snemma árs 2006 fór að bera á gagnrýni á íslenskt efnahagslíf, aðallega frá erlendum aðilum. Fitch Ratings lækkaði lánsþæfismat íslenska ríkisins og lánsþæfismat íslenskra banka lækkaði í kjölfarið. Gagnrýnar greinar birtust í erlendum blöðum og sérstaka athygli vakti greining Danske bank á stöðu mála en margir töldu að öfund og aðrar annarlegar hvatir lægju að baki harðri gagnrýni bankans á íslenskt efnahagslíf. Þessi gagnrýni virðist hafa komið við kaunin á Íslendingum, raunar svo mjög að bankastjóri Danske bank, Henrik Nordal, sagðist aldrei hafa fengið jafn sterk viðbrögð við skýrslum bankans og frá Íslandi.

Stjórnvöld styðjast við skýrslur VÍ

Viðskiptaráð (VÍ) var meðal þeirra sem stóðu vörð um íslenska efnahagsundrið. Það kemur ekki á óvart í sjálfu sér enda er ráðið hagsmunasamtök íslenskra fyrirtækja. Það kemur hins vegar á óvart að stjórnvöld hafi m.a. reitt sig á skýrslur Viðskiptaráðs í viðleitni sinni við að halda uppi vörnum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Skýrsla sem slökkti bál

Á ársfundi Viðskiptaráðs 2007 gerði formaður VÍ, Erlendur Hjaltason, neikvæða umfjöllun erlendra matsfyrirtækja, greiningardeilda og fjölmiðla að umfjöllunarefni og sagði að VÍ hefði litið svo á að ekkert fengi bitið á þessum árásum nema samstillt átak atvinnulífs og stjórnvalda. Því hefðu tveir virtir hagfræðingar, þeir Tryggvi Þór Herbertsson og Frederic S. Mishkin, verið fengnir til að kanna undirstöður íslensks efnahagslífs. Skýrsla þeirra, Financial stability in Iceland, kom út í maí 2006 og var hún kynnt í New York, Lundunum og Kaupmannahöfn.

Hverfandi hætta á fjármálakreppu

Niðurstöður skýrslunnar voru m.a. þær að hverfandi hætta væri á fjármálakreppu á Íslandi og að allur samanburður á Íslandi og nýmarkaðsríkjum (nýmarkaðsríki eru að öllu jöfnu miðlungs-/lágtekjuríki með skamma reynslu af markaðsbúskap og misvel mótað stofnanaumhverfi) væri misráðinn. Markmiðið með útgáfu skýrslunnar var m.a. að dýpka umræðuna um ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar og ljá henni fræðilega vigt, eins og segir í fréttatilkynningu VÍ. Eftir útgáfu skýrslunnar mun hafa kveðið við annan tón og umfjöllun um Ísland varð mun jákvæðari. Er það orðað svo í ræðu formannsins á ársfundi VÍ að skýrslan hafi slökkt bálið.

Ímyndarvandi?

Til að vinna gegn neikvæðri umræðu um íslenskt efnahagslíf, sem menn töldu þá væntanlega byggða á misskilningi, var kallaður til einn helsti sérfræðingur heims á sviði ímynda þjóða, Simon Anholt. Viðskiptaráð átti frumkvæði að því að hefja sameiginlega vinnu atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar um ímyndarmál Íslands. Starfshópur, sem starfaði undir leiðsögn Anholts, var skipaður forsætisráðherra, utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra og menntamálaráðherra, auk fulltrúa Viðskiptaráðs. Á Viðskiptaþingi 2007 kynnti starfshópur Anholts niðurstöður sínar undir yfirskriftinni Ísland best í heimi. Í nóvember 2007 skipaði forsætisráðherra síðan fjölskipaða nefnd um ímyndarmál en nefndin átti að skoða hvernig styrkja mætti ímynd Íslands og skilaði nefndin niðurstöðu í apríl 2008.

Skýrsla kynnt í London

Í nóvember 2007 kom út önnur skýrsla um íslenskt efnahagslíf á vegum Viðskiptaráðs og var hún eftir þá Richard Portes og Friðrik Mál Baldursson. Skýrslan var kynnt í London og vitnaði þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, m.a. í skýrsluna orðum sínum til stuðnings þegar hann sannfærði erlenda efasendamenn um að íslenskt hagkerfi stæði traustum fótum.



Íslenskur uppruni til trafala

Í skýrslunni segir m.a. að þrátt fyrir að ýmis hættuteikn væru á lofti virtist fjármálakerfið vel í stakk búið til að mæta ytri áföllum. Portes taldi að íslensk fyrirtæki hefðu brugðist einstaklega vel við þeim hræringum sem áttu sér stað á vormánuðum 2006 og lagfært flest það sem gagnrýnt var. Íslenskir bankar virtust þó gjalda fyrir þjóðernið því þeir bæru áhættuálag í fjármögnun sinni sem virtist tengjast íslenskum uppruna þeirra frekar en styrkleika þeirra og rekstrarhorfum.

Efnahagslífið varíð fram í rauðan dauðann

Ráðamenn vörðu íslenskt hagkerfi í lengstu lög og í mars 2008 hélt Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, ræðu í Kaupmannahöfn. Sagði hún litlar sem engar líkur á hruni bankanna enda væri íslenskt hagkerfi öflugt og sveigjanlegt. Þegar hér var komið sögu fjaraði þó hratt undan efnahagskerfinu og stjórnvöldum mátti vera fullljóst hvert stefndi.

Viðskiptaráð situr fyrir svörum

Hvernig stóð á því að gagnrýninni var vísað á bug með jafn afgerandi hætti og gert var – jafnt af hálfu stjórnvalda, greiningardeilda bankanna og hagsmunasamtaka fyrirtækjanna?

Neytendablaðið spurði Finn Oddsson, framkvæmdastjóra hjá Viðskiptaráði, hvort það hefði ekki verið ábyrgðarhluti hjá VÍ að gefa út tvær skýrslur sem virtust hafa það markmið að þagga niður í gagnrýninni?

Finnur bendir á að á þessum tíma hafi verið afar lítið um ítarlegar úttektir og skýrslur um stöðu efnahagslífsins og segir markmiðið með útgáfu skýrslanna miklu frekar hafa verið að auka og dýpka umræðuna um ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar og fá um leið ábendingar utanaðkomandi aðila um hvað mætti færa til betri vegar. „Skýrslan sem jafnan hefur verið nefnd Mishkin-skýrslan var mjög gagnrýnin á ýmsa þætti í íslenska hagkerfinu en það var niðurstada höfunda, miðað við þáverandi stöðu fjármálakerfisins, að ekki væri ástæða til að ætla að hér væri skollin á innlend fjármálakreppa.“

Finnur segir að ef skýrslurnar tvær séu lesnar megj greinilega sjá að þar sé ekki um gagnrýnislöslun hvítþvott að ræða heldur hlutlæga yfirferð um þáverandi stöðu fjármálakerfisins.

„Í hagfræðinni breytast niðurstöður samhliða breyttum forsendum og því auðvelt að vera vitur eftir á. Fáa óraði fyrir þeim breytingum sem áttu sér stað á ytri aðstæðum og þeir ágætu fræðimenn sem lögðu hönd á plóg við gerð þessara skýrslna voru þar líklega engin undantekning.“

Átti gagnrýnin ekki rétt á sér?

Finnur segir að gagnrýnin hafi í flestum tilfellum átt rétt á sér enda oftast um málefnalegar og rökfaster greiningar að ræða. Á því hafi þó verið undantekningar og í ýmsum tilfellum hafi verið um að ræða hreinar og klárar rangfærslur. Skýrsla Portes og Friðriks Mús hafi ekki síst gengið út á að kanna hvernig bankarnir brugðust við þeirri gagnrýni sem kom upp árið 2006 og greina frá helstu styrkleikum og veikleikum þeirra í samanburði við aðra norræna banka af sambærilegri stærð.

Finnur minnir á að einn af þeim þáttum sem bankarnir voru gagnrýndir fyrir, m.a. af erlendum matsfyrirtækjum og greiningardeildum, hafi verið lágt hlutfall innlána og því fögnuðu flestir grein-



Finnur Oddsson flytur erindi við útskrift Háskólans í Reykjavík en Viðskiptaráð er bakhjarl skólans.

ingaraðilar mikilli aukningu erlendra innlána. „Það sýnir ágætlega hversu auðvelt er að vera vitur eftir á, en eins og flestir vita reyndist innlána-söfnunin landsmönnum afar dýrkeypt vegna óbeinnar ríkisábyrgðar á slíkum reikningum.“

Er hægt að tala um þessar skýrslur Viðskiptaráðs sem óháðar?

„Að sjálfsögðu er hægt að tala um þær sem óháðar enda var þóknun höfundar ekki af slíkri stærðargráðu að þeir væru tilbúnir að förna mannorði sínu á móti með því að skrifa eitthvað sem var þeim þvert um hug. Mishkin er einn helsti sérfræðingur heims í fjármálalegum stöðugleika og hefur ritað fjölda kennslubóka og ritrýndra greina um efnið, setið í stjórn bandaríska seðlabankans og kennt við virtustu háskóla Bandaríkjanna. Portes er stofnandi og forseti CEPR, rannsóknaseturs í hagvísindum, og prófessor við London Business School, og hefur ritað fjölmörg rit og fræðigreinar um fjármálastöðugleika. Þeir íslensku höfundar sem unnu með þeim skýrslurnar, Tryggvi Þór og Friðrik Már, hafa lengi verið á meðal okkar helstu hagfræðinga og engin ástæða til að ætla annað en að þeirra framlag hafi verið unnið af fullum heilindum eins og þeirra er von og vísa.“

Finnur segir einnig að höfundar hafi að sjálfsögðu fengið fullt ríttfrelsi og að aðkoma Viðskiptaráðs hafi fyrst og fremst verið í formi fjármögnunar, skipulagningar á kynningarfundum, aðstoðar við gagnaöflun og uppsetningar og hönnunar á skýrslunum. Það er mat Viðskiptaráðs að skýrslurnar hafi verið faglega og vel unnar. Málefnalegri gagnrýni sé að sjálfsögðu alltaf vel tekið en dylgjur og rangfærslur líkt og borðið hafi á í umræðu um skýrslurnar dæmi sig sjálfar.

Er ekki að koma betur og betur í ljós að enginn skildi í rauninni hvernig íslenskt efnahagslíf virkaði?

„Það hafa tvímælalaust komið í ljós talsverðar brotalamir á því alþjóðafjármálakerfi sem við höfum búið við að undanförmu. Ísland er einskonar öfgamynd af því sem átti sér stað víðast hvar annars staðar; skarpur vöxtur fjármálakerfisins, áhættusækni í fjárfestingum, mikill útlánvöxtur, almenn neyslugleði og óskynsamleg hagstjórn.“

Formaður Viðskiptaráðs orðaði það svo að skýrslan sem kom út 2006 hefði slökkt bálið. Hefði ekki betur kviknað í strax árið 2006?

„Það er nokkuð til í því, þó erfitt sé að meta áhrif einstakra atburða á borð við skýrsluútgáfu á jafn flókið fyrirbæri og efnahagsástand er. Það má færa fyrir því rök að skaðinn hefði orðið minni ef fjármálakerfið hefði hrunið árið 2006. Að sama skapi er ljóst að ytri aðstæður hefðu verið hagfelldari og því mögulega meira svigrúm í endurreisnarferlinu. Það er auðvelt að vera vitur eftir á, en slíkar vangaveltur eru til lítils enda verður fortíðinni tæpast breytt. Mögulega hefðu Íslendingar þá upplifað endurtekna fjármála- og gjalddeyriskreppu 2008 og málin þróast til enn verri vegar.“

Finnur segir að allir sem að málinu komu hafi unnið af fullum heilindum. „Mikilvægi fjármálakerfisins var slíkt að flestum var ljóst að greiðsluþrot bankanna myndi hafa áhrif á allt viðskiptalífíð hérlandis, jafnt smærri sem stærri fyrirtæki, og því var það skylda hagsmunasamtaka eins og Viðskiptaráðs að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr líkum á því að svo færi. Markmiðið með skýrsluvinnunni var því fyrst og fremst upplýsingaöflun og miðlun, en einnig að setja fram uppbyggilega gagnrýni eins og fólst m.a. í ábendingum (t.d. frá Portes og Friðriki Má) um vanmátt Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara og hættu vegna skulda-söfnunar fyrirtækja og heimila í erlendri mynt.“

Var raunhæft að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð án þess að skipta um gjaldmiðil?

„Í stuttu máli er svarið við þessari spurningu nei. Þau fyrirtæki sem hingað hefðu sótt hefðu alltaf þurft að starfa í öðrum gjaldmiðli, hvort sem íslenska hagkerfið hefði fylgt sama fordæmi eða ekki.“

Viðskiptaráð hefur óspart gagnrýnt ríkisrekstur en ljóst er að mörg fyrirtæki hafa verið rekin afar óskynsamlega svo ekki sé meira sagt. Hefði Ví ekki átt að líta í eigin barm og beita sér fyrir gagnrýnni umræðu um viðskiptalífíð?

„Vissulega er alltaf gott að líta í eigin barm og horfa til þess hvað megi færa til betri vegar. Viðskiptaráð hefur í gegnum tíðina unnið að ýmsum málum sem hefur verið ætlað að auka fagmennsku og gagnsæi í íslensku viðskiptalífi. Hér má nefna útgáfu á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og aðkomu að stofnum yfirtöku-nefndar Kauphallar Íslands. Þau mál þróuðust ekki endilega með þeim hætti sem vænst var þegar til þeirra var stofnað.

Aukin orka hefur verið sett í vinnu tengda stjórnarháttum fyrirtækja og henni verður fylgt eftir með markvissari hætti en áður hefur verið. Ráðið hefur fullan hug á að fjölga verkefnum af svipuðum toga og telur ástæðu fyrir viðskiptalífið að eiga sjálft frumkvæði að gagnrýnni umræðu um það sem betur má fara í eigin ranni.“

Varðandi framtíðarhorfur segir Finnur að jafnvel þótt ástandið sé erfitt sé ekki ástæða til að örvænta. „Þó hrikt hafi í undirstöðum, þá eru þær í grundvallaratriðum enn sterkar. Hér býr ung, heilbrigð og vel menntuð þjóð við umtalsverðar náttúruauðlindir og sterka innviði. Því eru allar forsendur til þess að hér verði lífskjör áfram með því sem best gerist. Það er hinsvegar gríðarlegt verk að vinna. Taka þarf af ákveðni og einurð á augljósum úrlausnarefnum á borð við halla á ríkisfjármálum, endurreisn fjármálakerfis og lausn gjalddeyriskreppu. Í þessu verki á ekki við að greina á milli fylkinga, eins og allt of gjarnan er gert, heldur krefst það samstöðu og samstarfs stjórnvalda, atvinnulífs og heimila um að horfa fram á veginn og vinna að umbótum. Takist það, sem ég efast ekki um, verður áfram gott að búa á Íslandi.“

BP